

Nefndasvið Alþingis
B.t. atvinnuveganefndar
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 29. október 2019


Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á búvörulögum og búnaðarlögum (verðlagsnefnd búvara, undanþágur frá ákvæðum samkeppnislaga, verðjöfnunargjöld), (163. mál)

Félag atvinnurekenda vísar til beiðni atvinnuveganefndar frá 15. október sl. þar sem óskað er umsagnar félagsins um ofangreint frumvarp á þingskjali 163.

Frumvarpið er endurflutt og skilaði FA umsögn um það á síðasta þingi. Hún stendur óbreytt og fylgir hér með; FA telur efni frumvarpsins til mikilla bóta og að rétt sé að leiða það, að sem mestu óbreytt, í lög.

Félagið áskilur sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum. Þá er félagið reiðubúið að funda með þingnefndinni.

Virðingarfyllt,



Ólafur Stephensen
framkvæmdastjóri FA

Fylgiskjal: Umsögn FA um 17. mál á 149. löggjafarþingi.

Nefndasvið Alþingis
B.t. atvinnuveganefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 27. nóvember 2018

Efni: Umsögn Félags atvinnurekenda um frumvarp til laga um búvörulög og búnaðarlög (verðlagsnefnd búvara, undanþágur frá ákv. samkeppnislaga, verðjöfnunargjöld), 17. mál.

I. Almennt

Vísað er til erindis atvinnuveganefndar dagsetts 14. nóvember 2018 þar sem óskað er umsagnar Félags atvinnurekenda um frumvarp til laga um búvörulög og búnaðarlög, 17. mál.

Helstu breytingar í frumvarpinu hafa með það að gera að auka frelsi og sjálfræði framleiðenda búvara til markaðssetningar á afurðum sínum á innlendum og erlendum mörkuðum. Í því felst m.a. að afnema sérreglu búvörulaga sem gildir um mjólkuriðnaðinn og draga úr afskiptum ríkisvaldsins af verðlagningu, framleiðslu og vinnslu búvara.

Í sem stystu máli hvetur FA til þess að frumvarp þetta verði samþykkt í nær óbreyttri mynd. Efnislegar breytingar frumvarpsins hvað ofangreint varðar eru til mikilla bóta og til þess fallnar að stuðla að aukinni samkeppni og miklum ábata neytenda.

Samkeppnislagaþrot teljast almennt til refsiverðrar háttsemi. Um er að ræða athæfi sem samfélagið hefur talið svo ámælisvert að það sæti refsingu þeirra sem verða uppvísir að því. Það hefur því sætt langvarandi furðu að slík brot ákveðinna aðila séu undanþegin refsingu þessari enda algerlega á huldu hvernig afleiðingar þeirra og edli eru í þessum tilfellum frábrugðin því sem almennt á við. Með umræddu frumvarpi er bætt úr þessum meinbug á núverandi lögum. Þar með er stuðlað að auknu jafnræði, aukinni samkeppni og bættri almennri réttarvitund.

Frumvarp það sem um ræðir miðar einnig að því að laga ýmsar misfellur í mjólkuriðnaði. Eru þær breytingar sem lagðar eru til miklar umbætur á þessu sviði.

Að endingu er mikilvægt að koma stuttlega að sölu markaðsráðandi afurðastöðva til óháðra framleiðenda. Það er gríðarlega mikilvægt skref að tryggja rétt þessara aðila í þeirri takmörkuðu og vanstilltu samkeppni sem enn þrífst þrátt fyrir að ein fyrirtækjasamsteypa stjórnir markaðnum. Nái frumvarpið fram að ganga er hagur þessara aðila bættur að ákveðnum hluta. FA bendir þó á að mikið er enn ógert í því að ná fram raunverulegri samkeppni og leysa þar með úr læðingi þá krafta sem þar búa, með tilheyrandi ávinningi fyrir þjóðina í heild.

Að því sögðu ítrekar FA þá afstöðu sína að efni frumvarpsins sé til mikilla bóta og að rétt sé að leiða það, að sem mestu óbreytt, í lög.

Að öðru leyti gerir Félag atvinnurekenda ekki athugasemdir við umrætt frumvarp.

II. Annað

Að lokum áskilur Félag atvinnurekenda sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum.

Félagið lýsir sig jafnframt reidubúið til að funda um efnið sé þess óskað.

Vinðingarfyllst,



Ólafur Stephensen
frámkvæmdastjóri